

Skýrsla starfshóps um rafíþróttir - Golf utan valla.

Verkefnið

Þing Golfsambands Íslands 22. og 23. nóvember 2019, felur stjórn GSÍ að skipa starfshóp sem hefði það verkefni að skoða hvort og með hvaða hætti golfsambandið sinni rafgolfi (rafíþróttum, golfi utan valla). Verði það niðurstaða og tillaga starfshópsins að taka rafgolf inn í starfið, þá geri starfshópurinn jafnframt tillögur að nauðsynlegum skipulags- og lagabreytingum og þá aðlögun á stefnu GSÍ þessu tengt.

Markmið: Að kynna golf og gera golf aðgengilegt fyrir sem flesta og þannig hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag.

Starfshópurinn skal vinna hratt og skila skýrslu í síðasta lagi fyrir formannafund 2020.

Auglýsing á vef 26.03.2020 eftir þátttakendum í vinnu við að greina möguleika golfíþróttarinnar innan rafíþróttarinnar.

Golfsamband Íslands óskar eftir áhugasömum einstaklingum í starfshóp varðandi rafgolf.

Þing Golfsambands Íslands 22. og 23. nóvember 2019, fól stjórn GSÍ að skipa starfshóp sem hefði það verkefni að skoða hvort og með hvaða hætti golfsambandið sinni rafgolfi (rafíþróttum, golfi utan valla).

Verði það niðurstaða og tillaga starfshópsins að taka rafgolf inn í starfið, þá geri starfshópurinn jafnframt tillögur að nauðsynlegum skipulags- og lagabreytingum og þá aðlögun á stefnu GSÍ þessu tengt.

Markmið: Að kynna golf og gera golf aðgengilegt fyrir sem flesta og þannig hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag.

Starfshópurinn skal vinna hratt og skila skýrslu í síðasta lagi fyrir formannafund GSÍ 2020.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við framkvæmdastjóra GSÍ í gegnum netfangið brynjar@golf.is

Eftirfarandi aðilar buðu fram aðstoð sína við verkefnið,

Sigmundur Einar Másson

Þórir Viðarsson

Fjölur Daði Georgsson

Hlöðver Guðnason

Jóhann Örn Jónsson

Tengiliður GSÍ, Brynjar Eldon Geirsson

Kostir við rafgolf:

- Dagsbirta er ekki vandamál
- Lengra tímabil en við hefðbundinn golfleik
- Rafgolf er ekki bara hermagolf heldur einnig tölvuleikir og sem dæmi styttest í það að Básar verða með æfingasvæði þar sem hægt verður að leika velli af mottunum.
- Innanhús, léttur klæðnaður og veður ekki vandamál
- Áhorfendur mögulegir
- Auðvelt að sína frá viðburðum á streymi eða í sjónvarpi
- Allir keppa við sömu aðstæður
- Keppni getur verið hvenær sem er innan dagsins ekki háð birtu því hægt að leika marga 18 holu leiki innan dagsins
- Staðsetning getur verið hvar sem er
- Lið eða keppandi getur verið staðsettur hvar sem er í heiminum
- Hver leikur 18 holu eða holukeppni er hratt leikinn ef allir eru klárir
- Golfdómarar ekki nauðsynlegir
- Hægt er að halda mót yfir ákveðið tímabil (t.d. mánuð) þar sem spilarar velja sér hentugan tíma og skila inn skori fyrir lok tímabils.
- Allir kylfingar nálægt hvor öðrum við keppni gæti búið til aukna spennu.
- Tölvuleikja golf eykur leikskilning og þá sérstaklega fyrir yngri kynslóðir, en nýr golfleikur er ekki eins og fyrri leikir þar sem golf var allt of auðvelt en núna er hægt að kenna leikskilning og hugmyndafræði um leikskipulag á styttri tíma og hraðara, reyndar einnig hægt að gera þetta í gegnum golfhermannalíka.
- Styður við útbreiðslu golfþróttarinnar

Búnaður:

- Skilgreiningar, reglugerðir
- Framleiðendurnir, TrackMan, Full Swing og E6 fremstir meðal jafningja
- Mikið úrval golfvalla í boði og hægt að setja nýja velli upp t.d. Íslenska velli.
- Golfklúbbar utan af landi sem eru nálægt hvor öðru gætu sameinast um búnað, auðvelt að færa á milli staða.
- Hægt að stilla auðveldlega þannig að keppendur leiki við sömu aðstæður
 - Hraða á flöt (6-12 stimp)
 - Hraða/rúll á braut
 - 3 erfiðleika pinnastaðsetninga
 - Lofthita
 - Hæð
 - Vind frá logni upp í storm
 - Boltategund ákveðin fyrir fram
 - Lengd vallar (teigar)

Hér er hægt að sjá dæmi um hvernig stillingum er háttað og þútt framkvæmd á meðfylgjandi tengli.
<https://www.youtube.com/watch?v=Pt2H-QS7vM8>

- GKG er með flesta TrackMan uppsetta innanhús (ca. 30) og gæti því haldið stórmót

- Lítið mál að stilla upp móti upp að ca 2-3 í hverjum hermi (60-90 keppendur)
- Flestir keppendur eru kunnugir TrackMan og hafa notað við golf kennslu
- TrackMan hermírin virðist vera að koma sterkur inn á markaðinn
- Golfleikir þar sem tölvur eru einni aðgengilegar, PS, Xbox og PC vélar, PGA Tour 2K21 er aðal leikurinn núna þrátt fyrir að European Tour sé að spila í WGT en það eru sögusagnir að það muni breytast á næsta ári.
- Margir spilarar spila eingöngu golf í hermi sér til skemmtunar og myndi þetta fyrirkomulag gefa meiri möguleika á að fá fleiri í klúbba yfir sumartíman

Skilmálar við mótahald almennt

- Mótsgjald, tekjuskipting
- Reglugerð um Íslandsmót í rafgolfi einstaklingar/lið
- Hver er það sem heldur mótið, golfklúbbur, GSÍ eða þriðji aðili?
- Sem dæmi fékk KSÍ RÍSí til að sjá um íslensku deildina í efótbolta.
- Hugmynd er komin upp um að setja af stað meistaraeild í vetur á milli efstu 4 liðanna í Íslandsmóti golfklúbba sömu 4 klúbbar 4 ár í röð þar sem það eru aðilar á höfuðborgarsvæðinu. Þá væri spilað 6 leikja keppni spilað 2 á milli allra og úrslita leikur á milli efstu tveggja klúbbanna. Þetta væri spilað í vetur og fram á vor.
- Þáttökuréttur, mismunandi eftir hvernig mótið væri haldið, með eða án forgjafar? Svæðisskipt úrtökumót?
- Hvaða aðilar geta haldið Íslandsmót í rafgolfi? Stofna samband innan GSÍ, RGSÍ
- Líklegast er að GSÍ í samstarfi við golfklúbbu með aðstöðu ráði við þetta
- Þarf einhver aðili að halda mótið? Þetta getur verið sett upp af aðilum og síðan þarf bara að mæta hvar sem það er hægt að spila í því kerfi sem er valið.
- Í tölvuleik er hægt að halda þetta hvar sem er.
- Það er hægt að pútta .. en vanalegt að gefa innan x metra
- Hægt að stilla á "sjálfvirkni" í púttum og ýmsar skilgreiningar mögulegar
 - 3ft 90% 1 pútt -10% 2 pútt
 - 3-10ft 70% 1 pútt - 30% 2pútt
 - 10-20ft 30% 1 pútt 60% 2 pútt 10% 3pútt
 - 20-50ft 30% 1 eða 3 pútt – 80% 2 pútt
 - +50ft 80% 2 pútt 20% 3pútt
- Stilla x metra á gefið pútt og sjálfvirkni pútta eftir það
- Stilla x metra á gefið pútt og 2 pútt eftir það (fer eftir því hvað flatir eru stórar)
- Fara gömlu leiðina og láta pútta púttinn sem eru fyrir innan x metra.
- Láta bara pútta, þá myndu aðilar æfa sig í því ef það væri ástæða til, hefur ekki verið ástæða til þar sem alltaf er verið að gefa miðað við x lengdir.

Forgjöf í rafgolfi

- TrackMan getur skilgreint keppnisfyrirkomulag
- Venjuleg forgjöf sem er unnin er úr spiluðum hringjum af venjulegum golfvöllum ætti ekki að gilda.
- Best væri að keppa sem mest í högguleik í golfhermum eða hreinlega reikna upp á nýtt forgjöf fyrir golfhermi.

- Möguleiki er að búa til sinn karakter sem myndi eingöngu telja í rafgolfi og væri þá hægt að skila inn skori ef menn vildu spila til lækkunar eins og gert er yfir sumartíma.
- TrackMan er með innstillt öll helstu keppnisfyrirkomulög eins og:
 - Stroke
 - Stableford
 - Scramble
 - Foursome
 - Betri bolta
 - Skins
 - Scramble Stableford
 - Scramble Stroke
- Með meiri spilamennsku og betri reynslu er hægt að búa til forgjöf en síðan er hægt að gera þetta eins og í USA þar sem skipt er í flokka eftir 1 hring þegar leiknir eru fleiri en 1 hringur.

Markhópur / Hvaða vöru á að selja kylfingum

Markhópur:

- Afreks og meistaraflokkskylfingar
- Sveitakeppni golfklúbba
- Börn og unglínga
- Eldri kylfingar
- Almennir kylfingar

Hvaða vöru á að selja kylfingum:

- Höggleik
- Holukeppni
- Sveitakeppni
- Liðakeppni
- Klúbbakeppni
- Möguleikar á ýmsum hliðarkeppnum s.s. lengsta upphafshögg o.s.fr.

Annað:

Þeir klúbbar eða einkaaðilar hafa fundið mikið fyrir aukinni eftirspurn í aðstöðu sem þessa og bókanir fram í tímann hafa aukist til muna þá sér í lagi yfir vetrarmánuðina. Færst hefur í aukana að golfkennsla fari fram í hermum og að hópar taki sig saman og æfi í hermunum. Einnig hefur áhugi fyrirtækja aukist á hermagolfi og eru þau að styðja við starfsmannafélög við þessa iðkun. ÍSÍ er í vinnu frá síðasta íþróttáþingi við að greina og flokka rafíþróttir og sérsambönd fylgjast náið með þeirri vinnu.

Tillaga

Stofna nefnd um rafgolf í samstarfi við golfklúbba og GSÍ. Að hópurn komi með tillögu að aðkomu GSÍ að rafgolfi þannig að hægt verði að sníða rafgolf inn í stefnu GSÍ fyrir golfþing 2023 í flokka útbreiðslu og annað mótahald. Halda fyrsta Íslandsmótið í rafgolfi 2023 í marsmánuði.